

## **Sjálfsmatsáætlun Menntaskólans á Egilsstöðum**

Árið 1996 voru sett lög er gerðu öllum skólum skylt að taka upp formlegt sjálfsmat og um það leyti tók fyrsti sjálfsmatshópur Menntaskólans á Egilsstöðum til starfa. Árið 2002 var sjálfsmatshópurinn endurnýjaður og síðan aftur í ágúst árið 2006. Nú eiga sæti í honum þau Sigrún Blöndal (aðstoðarskólameistari), Þorbjörn Rúnarsson (áfangastjóri), Jón Ingi Sigurbjörnsson (félagsfræðikennari), Sigurður Ingólfsson (tungumálkennari), Sigrún Hrafnadóttir (íslenskukennari), Ingibjörg Bergmundsdóttir (bókasafnsvörður) og Arnar Sigbjörnsson (sálfræðikennari og verkefnisstjóri innra mats).

### **Forsendur sjálfsmats**

Í framhaldsskólalögum nr. 80/1996 segir að sérhver framhaldsskóli skuli innleiða aðferðir til að meta skólastarfið; þar á meðal eru kennslu- og stjórnunarhættir, samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan skólans (23.gr).

Með tilkomu nýrrar námskrár fyrir framhaldsskóla árið 1999 varð skylt að hver skóli gerði sína eigin skólanámskrá.

Áður hafði skólunum dugað svokallaður námsvísir sem skólar gáfu oft út í sameiningu. ME var t.d. í samstarfi um gerð námsvísis við aðra skóla á Austurlandi, Suðurlandi og Vesturlandi um Námsvísi framhaldsskóla árið 1996.

### **Markmið sjálfsmatsins eru að:**

- athuga með formlegum hætti hvort áherslur og markmið nái fram að ganga í daglegu starfi skólans
- finna leiðir til að bæta starfið í skólanum
- finna hvar styrkleikar og veikleikar skólans liggja
- fá fram væntingar og áherslur nemenda, foreldra og starfsfólks til skólastarfsins
- fá fram stöðu skólans svo hægt sé að leggja grunn að framtíðarsýn skólans og áætlanir fyrir umbætur

## **Framkvæmd sjálfsmats**

Á árunum 2002-2004 fóru mælingar fram með Framhaldsskólarýni sem er matstæki þróað af Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri (RHA). Matstækið uppfyllir viðmið menntamálaráðuneytis um mat á skólastarfi og í líkaninu er “gangverk” skóla skilgreint á kerfisbundinn hátt og því skipt í eftirfarandi þrjú svið:

- **Forsendur** (Forysta): Þættir sem snerta forsendur skólastarfsins í meðförum yfirstjórnar og túlkun skólameistara (aðstoðarstjórnenda) á starfsskyldum sínum og vinnufyrirmælum.
- **Framkvæmd** (Ferli): Þættir sem snerta vinnubrögð, viðhorf og skipulag í skóla og kring um skólann.
- **Frammistaða** (Árangur): Þættir sem varða árangur skólastarfsins. Annars vegar einkum árangur nemenda, meðan þeir eru í skólanum, og hins vegar þá ánægju sem nemendur, starfsmenn og foreldrar láta í ljósi og það traust sem skólinn nýtur í nánasta samfélagi.

(Framhalds-Skólarýnir – Sjálfsmatslíkan fyrir framhaldsskóla, bls. 2, RHA okt. 2001).

Á síðustu árum hefur verið byggt á þessari þrískiptingu Framhaldsskólarýnisins, en þó þannig að sjálfsmatshópur skólans hefur séð um gerð spurningalista, s.s. í könnun meðal kennara, nemenda í námi, útskrifaðra nemenda og nú síðast meðal foreldra. Því má segja að hugmyndafræði rýnisins hafi verið löguð að skólastarfinu í ME.

## **Hvað skal meta?**

Í september árið 2006 kom sjálfsmatshópurinn sér saman um hvaða þætti skólastarfsins ætti að leggja áherslu á að meta. Einnig hafði hópurinn það að markmiði að bæta skipulag matsins og gera það kerfisbundið. Var ákveðið að allir þættir yrðu metnir a.m.k. einu sinni á hverju þriggja ára tímabili, og sumir oftár. Í töflunni hér að aftan má annars vegar sjá hvaða þættir hafa verið metnir frá áramótum 2003 og hins vegar aðgerðaáætlun til hausts 2011. Árið 2009 verður áætlunin endurskoðuð og ákveðið hvort meta beri sömu þætti áfram eða hvort breytinga sé þörf. Krossarnir í töflunni tákna hvenær tiltekinn þáttur er metinn.

## Sjálfsmatsáætlun ME

Verkefni:	Önn:	V '03	H '03	V '04	H '04	V '05	H '05	V '06	H '06	V '07	H '07	V '08	H '08	V '09	H '09	V '10	H '10	V '11	H '11
i) Aðgerðaáætlun innra mats endurskoðuð		X							X						X				
ii) Mat á innra starfi skólans, s.s. yfirstjórn og verkaskiptingu		X		X						X						X			
iii) Mat á fagmennsku og áherslum kennara		X									X						X		
iv) Tölfræðileg samantekt um nemendur								X		X		X		X		X		X	
v) Mat á högum og viðhorfum nemenda (nemendakönnun)						X		X						X					
vi) Könnun meðal útskrifaðra nemenda						X						X						X	
vii) Foreldrakönnun									X						X				
viii) Áfangamat			X	X								X	X	X	X	X	X	X	X
ix) Annað													X						X

### Aðferðir við sjálfsmat

Þær aðferðir sem notaðar eru við sjálfsmat í ME eru:

- viðhorfskannanir og úrvinnsla þeirra
- SVÓT greiningar
- áfangamat
- greining á fyrirliggjandi gögnum, s.s. tölfræðileg samantekt varðandi nemendur
- samanburður við fyrri rannsóknir innan skólans
- samanburður við aðra skóla

### **Hvað er gert við matið?**

Þegar niðurstöður liggja fyrir eru þær jafnan birtar í skýrslu. Skýrslum er komið á framfæri til hlutaðeigandi aðila, auk þess sem niðurstöður eru kynntar fyrir skólasamfélaginu, m.a. í gegnum vefsíðu skólans og á kennarafundum. Markmið starfsins er ávallt að niðurstöður nýtist til bætts skólastarfs.